



# Reglur um akstursþjónustu í Eyjafjarðarsveit

Byggt á 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

## 1. gr.

### Markmið

Markmið með reglum þessum er að jafna stöðu fatlaðra íbúa í Eyjafjarðarsveit við ófatlaða íbúa sveitarfélagsins.

## 2. gr.

### Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk er ætluð þeim íbúum sem heyra undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og geta ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og ófatlaðir íbúar sveitarfélagsins.

Markmið þjónustunnar er að gera fötluðu fólki kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tólstunda auk aksturs á þjónustustofnanir samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og annarrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega.

Akstursþjónusta er veitt innan marka sveitarfélagsins og til miðlægra þjónustustofnana á Akureyri.

## 3. gr.

### Önnur akstursþjónusta

Einstaklingar með lögheimili í sveitarfélaginu sem vegna langvarandi skerðingar á færni geta ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og aðrir íbúar sveitarfélagsins geta sótt um akstursþjónustu. Með langvarandi skerðingu á færni er átt við skerðingu sem varir í þrjá mánuði eða lengur.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og liðskiptiaðgerða. Í tilvikum þar sem einstaklingar hafa eingöngu lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, eru félagslega einangraðir og hafa lítið fjölskyldunet er heimilt að veita akstursþjónustu þótt um sé að ræða færniskerðingu sem varir skemur en þrjá mánuði.

Markmið akstursþjónustunnar er að tryggja íbúum sveitarfélagsins aðgang að þjónustu, þannig fellur undir þjónustuna akstur í reglubundna þjálfun og heilbrigðisþjónustu.

## 4. gr.

### Fyrirkomulag

Framkvæmd akstursþjónustu er metin eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni, þannig er hún ýmist framkvæmd af starfsmönnum sveitarfélagsins, verktökum, notast við leigubifreiðar eða samið við einstaklinga.

Akstursþjónusta er almennt veitt virka daga frá kl. 8:00 til kl. 16:00. Akstur utan þess tíma fer eftir samkomulagi.

Ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og vegna heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum. Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Viðmið um ferðafjölda skal taka mið af þörfum hvers og eins.

Ef um óreglulegar ferðir er að ræða þarf að panta þær með minnst tveggja daga fyrirvara á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, nema annað fyrirkomulag hafi verið ákveðið.



Sveitarfélagið getur ákveðið að samnýta ferðir þjónustuþega og/eða sambætta akstursþjónustuna annarri akstursþjónustu sem sveitarfélagið sinnir.

Ferðir geta fallið niður vegna veðurs, færðar eða annarra ófyrirsjáanlegra orsaka og er þjónustuþega þá tilkynnt um það eins fljótt og auðið er.

Afþöntun skal gera með minnst þriggja klukkustunda fyrirvara, annars telst ferðin með í uppgjöri við notanda.

#### **5. gr. Umsókn**

Umsókn um akstursþjónustu skal berast skriflega til skrifstofu Eyjafjarðarsveitar. Koma skal fram ástæða fyrir umsókn, upplýsingar um aðstæður umsækjanda og rökstudd ósk um fjölda ferða og tilgang þeirra. Heimilt er að óska eftir frekari upplýsingum vegna umsóknar svo sem vottorðum eða staðfestingu sérfræðings á þjónustupörf.

Sveitarstjóri tekur ákvörðun um þá þjónustu sem skal veita að undangengnu mati frá velferðarsviði Akureyrarbæjar.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar og á skrifstofu sveitarfélagsins.

#### **6. gr. Gjaldtaka**

Notendur akstursþjónustu skulu greiða gjald samkvæmt gjaldskrá um akstursþjónustu hverju sinni.

#### **7. gr. Öryggi og önnur atriði**

Bifreiðastjórar og bifreiðar í akstursþjónustu þurfa að uppfylla skilyrði laga og annarra reglna sem um slíkan akstur gilda hverju sinni. Undirverktakar taka á sig ábyrgð á að þeim kröfum sé mætt hverju sinni.

Þeir sem koma að akstursþjónustu fyrir sveitarfélagið eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og trúnaður skal vera um samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

#### **8. gr. Undanþágur**

Sveitarstjóra er heimilt að veita undanþágu frá reglum þessum. Allar undanþágubeiðnir skulu berast skriflega ásamt lýsingu á aðstæðum umsækjanda og ástæðum undanþágubeiðinnar. Við mat á undanþágubeiðni skal taka tillit til tilefnis og mikilvægis ferða fyrir notandann og kostnaðar fyrir sveitarfélagið.

#### **9. gr. Málsmeðferð**

Ákvörðun um akstursþjónustu er tekin af sveitarstjóra.

Umsækjendum er tilkynnt skriflega um niðurstöðu umsóknar. Í tilkynningu til umsækjanda sem er synjað um ferðaþjónustu skulu forsendur synjunar rökstuddar. Jafnframt skal umsækjanda bent á málskotsrétt sinn.



Umsækjandi getur óskað þess að umsókn sé tekin til meðferðar á ný ef afgreiðsla umsóknar byggðist á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til skrifstofu Eyja-fjarðarsveitar innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

Telji umsækjandi að réttur hans samkvæmt reglum þessum sé fyrir borð borinn getur hann áfrýjað til félagsmálanefndar. Skal það gert innan fjögurrar vikna frá því að umsækjanda var tilkynnt um niðurstöðu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Reglur samþykktar á fundi félagsmálanefndar 16.02.2021.

Reglur staðfestar af sveitarstjórn á fundi 25.02.2021.